

## Athugið!

Næsti Pési kemur út  
**2. október.** Efni þarf að  
berast fyrir **27. september.**

## Kínverskur veitingastaður opnar á Flúðum

Fyrirtækið Xiang's ehf hefur tekið á leigu húsnæðið sem áður hýsti Almar bakara að Hrunamannavegi 3 á Flúðum en sveitarfélagið eignaðist húsnæðið fyrr á árinu. Eigendur Xiang's ehf eru hjónin Jing Xiang og Na Yang en þau hafa bæði starfað á Hótel Flúðum um langt árabil. Nú hafa þau hug á að spreyta sig í veitingahúsarekstri en þau munu opna kínverskan veitingastað í húsnæðinu um leið og innréttingu þess er lokið. Það er óneitanlega bæði óvanalegt sem og ánægjulegt að stefna skuli í að við aðalgötuna á Flúðum verði veitingastaðir helgaðir matargerð annars vegar frá Eþríopíu og hins vegar Kína. Slík fjölbreytni er ekki sjálfsgöð og því ber að fagna frumkvæði og dugnaði þeirra einstaklinga sem leggja að stað í rekstur sem slíkan.



## Elsti starfsmaður Hrunamannahrepps

Guðmundur Karl Guðfinnsson (Mummi) er hluti af starfsmannahópi áhaldahússins. Þrátt fyrir að vera kominn vel á níræðisaldur þá mætir Guðmundur alla virka daga til vinnu í áhaldahúsinu og tekur þar þátt í störfum dagsins.

Eitt af þeim verkum er að keyra út hádegisverð til eldri borgara í sveitarfélaginu. Á fánadögum og við önnur tækifæri sér hann síðan um að draga fána að húni við félagsheimilið og ráðhúsið.

Mummi er fæddur í Vestmannaeyjum og var lengst af skipstjóri. Lengra frá hafinu er varla hægt að komast heldur en hér á Flúðum en þrátt fyrir það unir Mummi sér vel hér í sveit. Þessi fína mynd af Mumma að störfum var tekin síðsumars.



# Heilsugæsla Uppsveitanna verður á Flúðum

Samningar um flutning heilsugæslu uppsveitanna frá Laugarási til Flúða eru í höfn. Ráðuneyti heilbrigðismála sem og fjármálaráðuneytið hafa þegar samþykkt samninginn fyrir sitt leyti og sveitarstjórn samþykkir samninginn á fundi sínum þann 5. september næstkomandi. Í kjölfarið verður samningurinn undirritaður. Hönnun á innréttingu húsnæðisins hefur verið í fullum gangi og er nú nær lokið. Gerð útboðsgagna er á lokastigi og væntanlega verður verið boðið út í október og þar með gætu framkvæmdir hafist í nóvember. Stefnt er að opnun nýrrar heilsugæslu á Flúðum næsta sumar. Það er gaman að segja frá því að Hrunamenn eiga góða fulltrúa í hönnunarteyminu en Guðmundur Hjaltason, er verkstjóri hönnunar, Vilberg Tryggvason sér um raflagnahönnun og Edda Arndal sá um efnis- og litaval.



Nú rísa húsin hvert af öðru við Fannborgartanga og mikill gangur þar í uppbyggingu. Loðmundartangi hefur verið malbikaður og þar munu framkvæmdir hefjast við uppbyggingu á allra næstu vikum. Unnið er að endanlegri hönnun næstu götu í hverfinu, Röðulstanga, en sveitarstjórn mun fljótlega ákveða hvenær gatnagerðarframkvæmdir verða boðnar út. Þar hefur skipulagi verið breytt lítillega og íbúðir í raðhúsum minnkaðar enda mikil eftirspurn eftir slíkum íbúðum á Flúðum.

Framkvæmdum sumarsins hefur miðað ágætlega. Í september verður lokið við uppsetningu leiktækja á lóð Flúðaskóla og öryggisgirðingar settar upp við boltavellina. Leiksvæði í Norðurbænum, við enda Ásastígs, verður einnig klárað fyrir veturinn sem er langþráð verkefni.

Búið er að skipta um glugga í hluta Flúðaskóla og endurnýja lagnir á kennslugangi. Ný líkamsrækt í íþróttahúsinu mun opna á haustmánuðum með vonandi nokkrum nýjum tækjum og sjúkrapjálfa síðar í vetur. Salerni er komið upp við fótboltavöllinn, hraðhleðslustöðvar við Minilik og hleðslustöðvar við bókasafnið, svo fátt eitt sé talið. Það er því nóg um að vera og margt í bígerð eins og vera ber á stóru heimili.

Það er ánægjulegt að finna aukinn áhuga á Hrunamannahreppi og ekki síður að sjá að íbúum hefur fjölgað verulega á síðasta ári. Fjölgun hér var 5,9% sem var

næst mesta fjölgun í sveitarfélagi á Suðurlandi. Íbúar eru núna 958 og vantar því ekki mikið upp á að markmið sveitarstjórnar um 1.000 íbúa náist. Ef að íbúar verða orðnir 1.000 um næstu sveitarstjórnarkosningar þurfa Hrunamenn ekki að vinna álit um stöðu sveitarfélagsins og getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum sem og álit um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög líkt og þau sveitarfélög þurfa að gera sem þá hafa ekki náð 1.000 íbúa tölunni. Það er því mikið til þess vinnandi að íbúum hér fjölgi um þessa 40, óháð öllum skoðunum um mögulegar sameiningar eður ei.

Í sumar hefur verið gestkvæmt í Hrunamannahreppi. Það er ánægjulegt að fjöldi ferðamanna hefur sótt sveitarfélagið heim þrátt fyrir að sumarið hafi ekki verið jafn gott og við helst hefðum viljað. Flúðir um versló var fjölsótt að venju og fór fram án allra vandkvæða. Framundan er Uppskeruhátíðin, fjallferð og Hrunaréttir og auðvitað hið árlega Réttarball í Reiðhöllinni.

Síðan er blásið til glæsilegrar heilsuviku í september og konukvölds í október. Það má því segja að félagsstarf íbúa er óðum að fara í gang og lífið í sveitarfélaginu að færast í fastar skorður vetrarins. Slíkt er ávallt ánægjufni en búast má við fjörogu félagslífi og skemmtilegu hér í vetur.

*Með kærum haustkveðjum,  
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri.*

# FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**  
- þú færð þitt



botarettur.is

# Tökum þátt í Heilsuvikunni 2024



**Heilsuvikan í Hrunamannahreppi verður haldin dagana 16. - 22. september 2024.**

Eins og í fyrra stendur heilsuvikan fyrir andlegri-, líkamlegri- og félagslegri heilsu Dagskráin verður fjölbreytt og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Aðalfyrirlestur vikunnar verður frá fyrirtækinu Betri svefn, en þar mun dr. Erla Björnsdóttir, fjalla um mikilvægi svefns.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að taka þátt í viðburðum vikunnar. Viðburðir verða kynntir betur þegar nær dregur.

*F.h. Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar, Sigfríð Lárusdóttir formaður*

## Góðir gestir heimsækja Hrunamannahrepp

Það vakti mikla athygli þegar tekið var upp atriði í þáttaröðinni „IceGuys“ í félagsheimilinu nýlega og munu nokkrir valinkunnir Hrunamenn sem tóku að sér aukahlutverk birtast í sjónvarpsþáttunum þegar þar að kemur. Stjórn og stjórnendur Rarik héldu vinnufund á Flúðum og áttu um leið fund með sveitarstjórnarmönnum í Uppsveitunum. Fjármálaráðuneytið hélt hér einnig vinnufund ráðherra, aðstoðarmanna hans og yfirmanna í ráðuneytinu. Sveitarstjórar Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps hittu hópinn og fóru yfir málefni sveitarstjórnarstigsins í heild. Það var án vafa ánægjulegt fyrir nýskipaðan fjármálaráðherra, Sigurð Inga Jóhannsson, að heimasveitin hans skyldi skarta sínu fegursta þegar samstarfsfélagar hans í ráðuneytinu komu í heimsókn.



Að lokum má geta þess að forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson, ásamt þingflokki Sjálfstæðismanna hélt hér vinnufund sinn í vikunni þannig að það má með sanni segja að í sumar hafi Hrunamannahreppur laðað til sín fjölmarga gesti sem fara héðan vonandi vel nestaðir góðum hugmyndum inn í vinnutörn vetrarins.

# Borað fyrir laxeldi með þýskum bor

Hrunamenn eru margir athafnasamir og hafa í gegnum tíðina tekið að sér mörg og stór verkefni á sviði gatnagerðar og jarðvinnu vítt og breitt um Suðurland. Eitt af þeim fyrirtækjum er Árni ehf. en þar er nú



unnið að stóru verkefni sem felst í því að boraðar eru sjóholur í hraunið í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum fyrir laxeldi á landi fyrir Laxey ehf. Borinn sem notaður er við þetta verk er þýskur 70 tonna Bauer með 20 metra bormastri og kemur borbúnaðurinn frá Holte í Bandaríkjunum. Fjárfesting fyrirtækisins vegna þessa var gríðarlega mikil, þ.e. borinn, borbúnaður, loftpressur og tilheyrandi. Fyrir fyrsta áfanga í þessu verki þarf 13 borholur, tvær sem hafa dýpi uppá 140 metra og 11 sem hafa 36 metra dýpi. Fyrsti áfangi verksins á að vera tilbúinn í haust. Á myndunum má sjá borinn nýja og eiganda fyrirtækisins Árna Hjaltason, Galtafelli.




## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



HUGMYND

## TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14  
845 Flúðir

flight@simnet.is  
Sími 699 0757



# Uppskeruhátíð í Hrunamannahreppi

— **HALDIN Á FLÚÐUM OG NÁGRENNI LAUGARDAGINN 7. SEPTEMBER 2024** —

## UPPSKERUMESSA

Kl. 11:00 í Hrunakirkju. Fjölskylduhátíð.

Bæn, orð, hugvekja og söngur við allra hæfi undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Leikir og grillaðar pylsur að messu lokinni. Allir hjartanlega velkomir.

## FÉLAGSHEIMILIÐ Á FLÚÐUM

Markaður kl. 13:00 - 17:00. Fjölbreyttar og skemmtilegar vörur til sölu. Þar má m. a. finna svínakjöt beint frá býli, ferskt ný upptekið grænmeti frá bændum á svæðinu. Blóm úr uppsveitunum. Handgerðar fallegar vörur, falleg bamaftöt, sultur og margt, margt fleira.

VISS á Flúðum, sem er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu, verður með muni til sölu.

Kvenfélag Hrunamannahrepps verður með vöflusölu á meðan á markaðnum stendur. Allur ágóði af sölnni mun renna til góðra málefna innansveitar. Endilega stöðjið gott málefni. Hökkum til að sjá ykkur öll.

## BJARKARHLÍÐ, FLÚÐUM (VIÐ TÚNGÖTU)

Opíð hús og garðurinn til sýnis kl. 13:00-17:00.

Helgi Guðmundsson og Anna Magnúsdóttir eru hagleiksfolk og bjóða þau gesti velkomna heim í vinnustofu sína.

## Spottðu uglu er sumarleikur VISS á Flúðum

2024. 10 uglur hafa tekið sér bólfestu í Högnaðstaða-ásnum og í Lækjargarðinum á Flúðum. Tilvalið er að fá sér göngutúr, „spotta“ uglur“ og njóta um leið yndislegra göngustíga Flúða.

## LITLA HÚSIÐ SUBURBRÚN 7

Markaður með gamla fallega muni. Opíð kl. 13:00-17:00

## HÚS MINNINGANNA, SUBURBRÚN 7

Flúðum við hliðina á Litla húsinu. Í Húsi minninganna geta gestir notið þess að skoða fallega muni frá fyrri tímum og bernskuminningarnar verða ljósliandi. Opíð kl. 13:00-17:00, aðgangseyrir kr. 1000 og fritt fyrir 15 ára og yngri.

## KAFFI GRUND

Veitingastaðurinn opinn frá kl. 12:00 og fram eftir kvöldi. Happy hour frá kl. 13:00-18:00 og ham-borgaratilboð. Trúbaðar fram eftir kvöldi.

## KAFFI-SEL

Veitingastaður við golfvöllinn opinn kl. 11:30-20:30.

## SÆSABAR

Opíð frá kl. 19. Flott uppskeru tilboð á völdum drykkjum.

## LÆKJARGARÐURINN BAKVIÐ

### FÉLAGSHEIMILIÐ

Í Lækjargarðinum er skemmtilegur frísíðgolfvöllur, ærslabeiglu fyrir yngstu börnin og annar fyrir þau eldri og hugrakka foreldra, löng og völdug aparóla, strandblaksvöllur og grillskýli. Þar má líka í sumar „spotta“ 10 uglur meðfram göngustigum.

## GAMLA LAUGIN - SECRET LAGOON

Opni kl. 10:00-20:00. Fyrsta laugin á þessum stað var byggð 1891. Einstök upplifun.

GARÐUR HJÓTTÖÐ SUGRÍPVAÐ SVEININ 2

Í Húppusal frumsýnir **Héradsskjalasafn Árnesinga** sögusýningu um fjallferðir og réttir Árnesinga í gegnum tíðina.

**Lalli töframaður** skemmtir gestum á öllum aldri kl. 14:00 – 15:00 og svo býr hann til blöðrudýr fyrir öll börn sem það vilja.

### GÖNGUFERÐ MEÐ LEIÐSÖGN

Létt söguganga umhverfis og í miðbæ Flúða. Helga R. Einatsdóttir sem uppalin er í Garði, Hrunamanna- hreppi, leiðir gönguna. Lagt af stað kl. 16:00 frá félagsheimlinu.

### GARÐFRÓGUSÓÐ SIKURMANNA, SNELDIN 3

Opíð kl. 12:00-17:00. Ný upptekið grænmeti. Notuð fótt og eitthvað meira snúugt. Ljós og kastarar á fararæki verða til sölu. Kynning á einingahúsum frá Arkitek.is

### FARMERS BISTRO FLÚÐUM

Opíð á veitingastaðnum Farmers Bistro kl.12:00-17:00.

### FLÚÐASVEPPIR MEÐ KYNNINGU KL.16:00

Boðið verður uppá kynningu um ræktun Flúðasveppa og innliti í svepparæktunarklefa kl.16:00. Ferst grænmeti til sölu á staðnum.

### LITLA BÆNDABÚÐIN Á MELUM

Fjölbreytt úrval af fersku grænmeti og alls kyns göggaði beint frá býli. Opíð kl.1:30-17:30 og kaffi á könnunni.

### MINILIK EPIÓPÍSKUR VEITINGASTAÐUR

Opíð kl.17:00-21:00. Niðrið matarmenningar Epiópiu eins og hún gerist best. Verið velkomin.

### HRUNALAUG – THE HIDDEN LAGOON

Opin kl. 9:00 – 21:00. Náttúruaug sem fyllt er af volgrí uppsprettu, staðsett rétt innan við Hrunakirkju.

### SUNDLAUGIN FLÚÐUM

Opin kl.13:00-18:00. Í miðbæ Flúða. 25m sundlaug, tveir heitir pottar og náttúrulegt gurfubað.

*Verið öll hjartanlega velkomin*



# Samningar um skólaakstur endurnýjaðir

Samið hefur verið um skólaakstur í Hrunamannahreppi til næstu þriggja ára við Jóhann Marelsson og Sigurjón Sigurðsson en þeir hafa sinnt skólaakstri með sínu fólki undanfarin ár.

Ekið er fjórar mismunandi leiðir; frá Hrafnkelsstöðum að Auðsholti, frá Kotlaugum að Tungufelli, frá Hvítárholti að Sólheimum og Berghyl og að Langholti, suður fyrir Miðfell og þaðan upp sveit og að Flúðum.



Hefur samstarf sveitarfélagsins, Flúðaskóla og skólabílstjóra verið með miklum ágætum undanfarin ár og því er full ástæða til að gleðjast yfir nýjum samningum.



## Útivistartími barna Outdoor hours for children

**SAMKVÆMT 92. GREIN BARNVERNDARLAGA (NR. 80/2002) ERU ÚTIVISTARTÍMAR  
BARNA OG UNGLINGA SEM HÉR SEGIR:  
ACCORDING TO 92. ART. OF CHILD PROTECTION ACT (NR. 80/2002):**

**Útivistartími yfir vetrartímam (1. september til 1. maí)**

- Börn 12 ára og yngri mega lengst vera úti til klukkan 20:00.
- Börn 13 til 16 ára mega lengst vera úti til klukkan 22:00.

**During the school period (From 1st September until 1st May)**

- Children, 12 years old or younger, may not be outside their home after 20:00 pm.
- Children, 13 to 16 years of age, may not be outside their home after 22:00 pm.



 Aldursmörk miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Sem þýðir að 1. janúar þess árs sem börn verða 13 eða 16 ára lengst útivistartími.  
The child's birth year rather than its birthday applies.





## Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðauðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

**Erla Björg Arnardóttir**  
*Garðyrkjufæðingur*

Sími 858 3399  
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

### Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í síma viðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



## Sundlaugin á Flúðum

**Vetraropnun**  
**16. ágúst - 31. maí**

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga  
frá kl. 16:00 - 20:30

Mánu- og fimmtudaga frá kl. 6:00 - 9:00  
(að öðru leyti lokað á fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga  
frá kl. 13:00 - 18:00

**Tækjasal hefur tímabundið verið lokað.  
Nýr og betri tækjasalur mun opna um  
leið og framkvæmdum lýkur.**

Árskort sem gilda í sundlaugina, íþrótta- og  
tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði,  
aðeins 16.000 kr. Minnum á að hjá flestum  
stéttarfélögum er hægt að sækja um styrk.

# Hrunaréttir og fjallferðir 2024

**Hrunaréttir fara fram 13. september og hefjast þær kl. 10.00.**

Norðurleit leggur af stað föstudaginn 6. september og laugardaginn 7. september.

Suðurleit og Austurleit leggja af stað laugardaginn 7. september.

Eftirsafn leggur af stað fimmtudaginn 26. september nk.

Heiðarsmalamennskur verða fimmtudaginn 12. september. Þeir sem áhuga hafa að taka þátt í þeim skulu hafa samband við formann Afréttamálanefndar Björgvin Ólafsson s. 849 5037.

Óheimilt er að setja fé í girðinguna í Launfit eftir 13. september.

Kolbrún Kristín er yfirmatráður þetta haustið. Hún sér um innkaup og undirbúning á matseld.

Við óskum fjallmönnum öllum góðrar ferðar með ósk um gott smalaveður.

*Afréttarmálanefnd Hrunamannahrepps*

*Fóttaæðgerðastofa*  
**Öddu Siggu**  
*Miðfelli 2a*  
Tímappantani í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.  
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.  
**Vinsamlegast pantið tíma í síma 845 9816 (Halyna).**



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

**Gísli Laugum**  
*Sími 861 9682*



  
**Löggiltur rafverktaki / bílaflutningur**  
**Axel**  
**Sími 860 7073**

# Leitir 2024

Suðurleit	Bær	Austurleit	Bær	Norðurleit	Bær	Eftirsafn	Bær
Andrés Guðmundsson	Auðsholt 4	Hjálmur Pétursson - fyrirtíð	Auðsholt 4	Sigurður Sigurjónsson - fyrirtíð	Auðsholt 4	Steinar Halldórsson	Auðsholt 4
Harri Kjartansson	Hrafnelstaðir	Bjarni Arnar Hjaltason	Auðsholt 4	Sigurður Ágústsson	Auðsholt 4	Sigurður Ágústsson	Auðsholt 4
Þorsteinn Loftsson	Haukholt 1	Halla Gunnarsdóttir	Hrafnelstaðir	Íris og Steinar - Trúss	Auðsholt 4	Hermann Stefánsson	Auðsholt 4
Magnús Már Þórdarson	Haukholt 1	Helgi Jóhannsson	Hrafnelstaðir	Unnsteinn Hermannsson	auðsholt 4	Atli Geir Sveving - fyrirtíð	Hrafnelstaðir
Arnór Karlsson	Haukholt 1	Hjalti Gunnarsson	Haukholt 1	Atli Geir Sveving	Hrafnelstað	Sveinn Hannes Sveinsson	Hrafnelstaðir
Katrina Sand	Hrepphólar	Borgþór Vignisson - Trúss	Haukholt 1	Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson	Hrafnelstað	Harri Kjartansson	Hrafnelstaðir
Guðrún Kristín Blöndal	Hrepphólar	Ævar Ásgeirsson	Haukholt 1	Hjalti Jón sveinsson	Hrafnelstað	Elvar tógi Gunnarsson	Haukholt 1
Þjörgvin Ólafsson	Hrepphólar	Karl Jónsson	Bjarg	Bogi Pétur Eiríksson	Dalbær 1	Þorgeir Elis Elvarsson	Haukholt 1
Óðinn Bragi Bergmann	Hrepphólar	Árni Þór Hillmarsson	Syðra- Langholt	Mikael Jens Halldórsson	Ásatún	Þorsteinn Loftsson - fyrirtíð	Haukholt 1
Ragnheiður Þorvaldsdóttir	Skipholt 3	Hermann Stefánsson	Langholtskot	Ingilberg Daði Kjartansson	Skipholt 3	Unnsteinn Hermannsson	Langholtskot
Kristján Arason	Skipholt 3	Jónmundur Atli	Hrepphólar	Viktor Máni Sigurðsson	Hrepphólar	Ólafur Stefánsson	Hrepphólar
Jón Bjarnason - Fjallkóngur	Skipholt 3			Eiríkur Kristófersson - Fjárbíl	Grafarbakki	Ragnar Magnússon	Hrepphólar
Elín Ósk Hölldóttir	Grafarbakki					Þjörgvin Ólafsson	Hrepphólar
Margrét Gunnarsdóttir - Trúss	Grafarbakki					Guðjón Hrafn	Hrepphólar
Guðjón Hrafn Sigurðsson	Grafarbakki					Bjarni Þór Þorsteinsson	Syðra- Langholt
Karl Guðmundsson	Skipholt 1					Jón Bjarnason	Skipholt 3
						Bjarni Valur	Skipholt 3
						Margrét Gunnarsdóttir	Grafarbakki

# Kvennakvöld Kvenfélagsins



Kæru konur

## Minum á Kvennakvöldið sem verður í Félagsheimili Hrunamanna þann 18. okt. næstkomandi.

Kvennakvöldið er hluti af fjáröflun kvenfélagsins og í ár mun allur ágóðinn renna til fjölskyldna hér í sveit sem hafa verið að glíma við veikindi og eða önnur áföll.

Fordrykkur frá kl. 19:30-20 verður í boði Mekka Wines & Spirits.

Pema kvöldsins er **Glamor og glæsilegar**, það verða veitt verðlaun fyrir flottustu útfærsluna, bæði fyrir einstaklinga og hópa.

Einnig verður borðskreytingakeppni og þið sjáid sjálfar um að koma með skreytingarefni til að skreyta borðin ykkar. (Verðlaun verða veitt fyrir flottasta borðið)

Við ætlum að skemmta okkur saman og styðja um leið gott málefni hér innan sveitarinnar.

Við hvetjum allar konur og hán, 20 ára og eldri, til að mæta, dætur, mömmur, ömmur, frænkur og eða vinkonur.

Saumaklúbbba og aðra kvenna og vinahópar hvetjum við til að mæta saman og njóta kvöldsins í góðum félagsskap. Við finnum borðfélaga fyrir alla.

Munum að þar sem konur koma saman er alltaf gaman!

Frekari upplýsingar má finna á Facebook viðburðinum „Kvennakvöld 2024“ og í næsta Pésa.

Kær kveðja,  
Fjáröflunarnefndin: Valdís, Anna María, Eyrún, Ólöf og Magga